

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/681*  
*komudagur 4.12.2007*



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum (206. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til nokkrar breytingar á lögum um erfðafjárskatt.*

Viðskiptaráð telur afar brýnt að allir skattar er fela í sér tvískattlagningu verði afnumdir. Erfðafjárskattur leggst á við yfirfærslu eigna milli aðila, eigna sem arfleifandi hefur þegar greitt skatt af. Er Viðskiptaráð þannig alfarið á móti álagningu erfðafjárskatts og leggur til að hann verði felldur niður.

**Af þeim sökum leggur Viðskiptaráð til að frumvarpið nái ekki fram að ganga og hvetur jafnframt til að erfðafjárskattur verði aflagður.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs